

Nr. 18-122 S 079 Áspór RE 295***Fær í skrúfunu og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2671
Útgerð: Valdi ehf
Smíðaður: Hafnarfjörður 2007, trefjaplast.
Stærð: 6,39 brl. 6,02 bt.
Mesta lengd: 8,74 m Skráð lengd: 8,66 m
Breidd: 2,59 m Dýpt: 1,22 m
Vél: Volvo Penta 171,10 kw, 2015
Fjöldi skipverja: 1



Áspór©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Pálma Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júlí 2018 var Áspór RE 295 á siglingu á Vestfjarðamiðum. Veður: SV 4 m/s.

Þegar um hálf tíma sigling var eftir til Bolungarvíkur kom mikið högg á bátinn og í kjölfarið stöðvaðist vélin. Í ljós kom að netastykki úr trolli hafði farið í skrúfunu. Már ÍS 125 dró Áspór til Bolungarvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að hældrif bátsins brotnaði og var dæmt ónýtt eftir atvikið. Einnig skemmdust báðar skrúfurnar;
- að báturinn var á átta hnúta ferð og farið að rökkva. Skipstjórinn varð ekki var við drauganetið áður en það fór í skrúfunu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.